

# **Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar**

**Ársreikningur  
2015**

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lifeyris árið 2015 .....	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2015 .....	6
Sjóðstreymi ársins 2015 .....	7
Skýringar .....	8-14
Kennitölur .....	15

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2015. Rekstrarkostnaður nam 90,6 m.kr. en 75,1 m.kr. á árinu 2014. Samsvarar kostnaðurinn um 0,1% af hreinni eign í árslok. Fjárfestingagjöld námu um 117,7 m.kr. en 102,0 m.kr. árið á undan.

Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

## Iðgjöld

Á árinu 2015 greiddu 498 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði til A-deilda samanborið við 562 árið á undan. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 12.984 á árinu 2015 samanborið við 14.020 á árinu 2014 þar af eru 1.060 í A deild (almenn deild) og 11.924 í B deild (stiga deild).

Iðgjöld sjóðfélaga að meðtoldu mótframlagi launagreiðenda námu 320,1 m.kr. árið 2015 samanborið við 327,1 m.kr. árið áður. Hlutdeild launagreiðenda í greiddum lífeyri var 1.771,1 m.kr. samanborið við 1.703,5 m.kr. árið áður. Framlag ríkis til jöfnunar örorku nam á árinu 21,0 m.kr. en 23,4 m.kr. á árinu á undan. Heildariðgjöld til sjóðsins á árinu 2015 námu þannig 2.109,3 m.kr. en voru á árinu á undan 2.048,8 m.kr. sem er 3,0% hækkan á milli ára.

Endurgreiðsluhlutfall greidds lífeyris var að tillögu tryggingastærðfræðings 69,0% árið 2015, sem er óbreytt frá fyrra ári. Þær stofnanir og fyrirtæki sem gert hafa upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar eru ekki krafni um hlutdeild í greiðslu lífeyris.

## Lífeyrir

Heildargreiðslur lífeyris á árinu 2015 námu 3.601,6 m.kr. en voru 3.207,4 m.kr. á árinu 2014, sem er 12,3% hækkan milli ára og skýrist að mestu vegna fjölgunar á lífeyrisþegum. Um síðustu áramót greiddi sjóðurinn 3.408 einstaklingum lífeyri. Skipting lífeyrisgreiðsla er þannig að 2.591 einstaklingar fengu greiddan ellilífeyri, 424 fengu greiddan makalífeyri og 386 fengu greiddan örorkulífeyri. Þá fengu 7 greiddan barnalífeyri á árinu.

## Fjárfestingar

Í árslok námu fjárfestingaeignir sjóðsins 72.013,6 m.kr. samanborið við 67.517,9 m.kr. í ársbyrjun. Á árinu voru keypt verðbréf fyrir samtals 7.773,8 m.kr. samanborið við 6.920,7 m.kr árið áður. Keypt voru verðbréf með föstum tekjum fyrir 6.331,0 m.kr. og verðbréf með breytilegum tekum fyrir 1.442,8 m.kr. Sala verðbréfa nam 5.607,2 m.kr. á árinu 2015 samanborið við 3.739,7 m.kr. árið áður.

Samsetning fjárfestinga er þannig að 98,4% eru í íslenskum krónum en 1,6% í öðrum gjaldmiðlum.

Varúðarniðurfærsla óskráðra verðbréfa nam 637,5 m.kr. í árslok 2015, og lækkaði um 93,2 m.kr. milli ára.

## Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 2015 var framkvæmd af Bjarna Guðmundsyni tryggingastærðfræðingi. Samkvæmt þeiri úttekt nam áfallin skuldbinding A-deilda 85.370,6 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deilda 3.937,4 m.kr. eða samtals 89.308,0 m.kr.

Þar sem lífeyrissjóðurinn er með bakábyrgð sveitarfélaga er hann undanþeginn ákvæði laga 129/1997 um tryggingafræðilegt jafnvægi. Sjá nánar í skýringu nr. 33.

## Ávöxtun á markaði

Úrvalsvíitala innlendra hlutabréfa OMX18 hækkaði um 43,4% á árinu. Vísitala innlendra skuldabréfa hækkaði um 10,4% fyrir verðtryggð og 6,6% fyrir óverðtryggð. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 2,0%. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 0,7% mælt í íslenskum krónum og 2,7% mælt í bandaríkjadöllum.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 72.230,1 m.kr. í árslok, samaborið við 68.077,0 m.kr. í ársbyrjun sem svarar til 6,1% hækunar. Nafnávöxtun á árinu 2015 var jákvæð um 8,4% sem samsvarar 6,3% hreinni raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára var jákvæð um 4,2%.

Skuldabréf með ríkisábyrgð eru 73,8% af verðbréfum með föstum tekjum í árslok og skuldabréf sveitarfélaga, fyrirtækja og ílanastofnana samtals 26,2%. Ávöxtun sjóðsins tekur þannig að mestu mið af verðbólgu ársins og föstum vöxtum bréfanna.

Nafnávöxtun sjóðsins var 8,4% á árinu 2015 samanborið við 5,2% á árinu 2014. Hrein raunávöxtun nam 6,3% samanborið við 4,1% árið á undan. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 4,2% en lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% ávöxtunarkröfu. Í kennitölu meðfylgjandi ársreiknings er að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

## Atburðir eftir uppgjörsdag

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Framtíðarhorfur sjóðsins

Lífeyrissjóðurinn hefur starfað frá árinu 1930 og þeir einir mátt greiða í hann sem starfað hafa hjá Reykjavíkurborg eða stofnunum hennar. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum 1. júlí 1998 og þeir einir sem greiddu iðgjöld til sjóðsins í júní 1998 fengu áfram aðild að sjóðnum.

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 22. grein samþykktu sjóðsins skulu því borgarsjóður og aðrir launagreiðendur greiða tiltekinn hundraðshluta lífeyris skv. ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Það hlutfall var 69% á árinu 2015 og stendur lífeyrissjóðurinn þannig undir 31% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildareignir sjóðsins verulega hærri en heildarskuldbindingar.


## Staðfesting stjórnar

Að álti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2016

Í stjórn




Skúli Þór Helgason  
Stjórnarformaður



Þorgrímur Hallgrímsson

Þorgrímur Hallgrímsson  
Stjórnarmaður



Heiðar Ingi Svansson

Heiðar Ingi Svansson  
Stjórnarmaður



Hildur Sverrisdóttir

Hildur Sverrisdóttir  
Stjórnarmaður



Ása Clausen

Ása Clausen  
Stjórnarmaður



Gerður Guðjónsdóttir

Framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar og kennitölur.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000 og að skýrla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 26. apríl 2016

PricewaterhouseCoopers ehf.



Vignir Rafn Gíslason  
löggiltur endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Iðgjöld</b>	6		
Iðgjöld sjóðfélaga .....		95.535.073	100.327.126
Iðgjöld launagreiðenda .....		224.544.202	226.806.407
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(2.923.805)	(5.317.780)
Sérstök aukaframlög .....	18	1.792.120.729	1.726.994.063
		<u>2.109.276.199</u>	<u>2.048.809.816</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	19	(3.601.583.396)	(3.207.420.818)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		(67.594)	(142.521)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....		(4.615.757)	(4.414.003)
		<u>(3.606.266.747)</u>	<u>(3.211.977.342)</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>	7-8		
Tekjur af eignarhlutum .....	20	899.742.828	173.501.199
Vaxtatekjur og gengismunur .....	21	4.960.199.477	3.375.019.523
Breyting á niðurfærslu .....	24	(1.520.540)	34.102.309
		<u>5.858.421.765</u>	<u>3.582.623.031</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>	9		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(60.393.485)	(50.217.978)
Önnur fjárfestingargjöld .....	29	(57.333.619)	(51.758.658)
		<u>(117.727.104)</u>	<u>(101.976.636)</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	9		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(90.590.227)	(75.089.899)
		<u>(90.590.227)</u>	<u>(75.089.899)</u>
Hækjun á hreinni eign á árinu .....		4.153.113.886	2.242.388.970
Hrein eign frá fyrra ári .....		68.076.971.616	65.834.582.646
<b>Hrein eign í í lok ársins til greiðslu lífeyris .....</b>		<b>72.230.085.502</b>	<b>68.076.971.616</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

---

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Fjárfestingar</b>	11-14		
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	22	7.731.271.298	6.965.516.393
Verðbréf með föstum tekjum .....	23	61.727.631.279	59.347.118.939
Veðlán .....	25	798.034.735	797.475.931
Bankainnistæður .....		1.756.624.398	407.813.239
	27	<u>72.013.561.710</u>	<u>67.517.924.502</u>
<b>Kröfur</b>	16		
Kröfur á launagreiðendur .....	28	10.118.570	16.558.284
Aðrar kröfur .....	28	<u>278.530.095</u>	<u>245.016.355</u>
		288.648.665	261.574.639
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....		104.551.742	356.759.829
	<b>Eignir samtals</b>	<b>72.406.762.117</b>	<b>68.136.258.970</b>
<b>Aðrar skuldir</b>			
Ýmsar skuldir .....		<u>176.676.615</u>	<u>59.287.354</u>
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>176.676.615</b>	<b>59.287.354</b>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>		<b>72.230.085.502</b>	<b>68.076.971.616</b>
Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar .....	30		
Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings .....	31		
Skuldbindingar utan efnahags .....	32		
Tryggingafræðileg athugun .....	33		

## Sjóðstreymi ársins 2015

---

	Skýr.	2015	2014
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....		2.115.715.913	1.845.326.511
Fjárfestingartekjur .....		2.426.329.293	2.178.383.647
Afborganir verðbréfa .....		2.613.470.323	2.415.813.849
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....		3.036.778.728	2.079.339.691
Seld verðbréf með föstum tekjum .....		2.570.463.516	1.660.328.260
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
		12.762.757.773	10.179.191.958
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....		(3.606.266.747)	(3.211.977.342)
Fjárfestingargjöld .....		(117.727.104)	(101.739.568)
Rekstrarkostnaður .....		(90.590.227)	(75.326.967)
Aðrar útgreiðslur .....		83.875.521	(45.153.913)
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....		9.032.049.216	6.744.994.168
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....		(1.442.818.174)	(2.405.758.644)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....		(6.330.971.336)	(4.514.915.191)
Ný veðlán .....		(161.656.634)	0
(Hækkun) lækkun á bankainnistæðum .....		(1.348.811.159)	360.962.262
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánum .....		(252.208.087)	185.282.597
Sjóður og veltiinnlán í upphafi ársins .....		356.759.829	171.477.232
Sjóður og veltiinnlán í lok ársins .....		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
		104.551.742	356.759.829

# Skýringar

---

## Starfsemi

### 1. Almennt

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb eða sjóðurinn) var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar þann 2. janúar 1930 og hét þá Eftirlaunajóður Reykjavíkurbærar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóðina og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998.

Starfsemi sjóðsins felsest í rekstri samtryggingarsjóðs (nr. 640) í tveimur deildum, A og B. Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 26. apríl 2016.

### 2. Sjóðfélagar

Sjóðurinn var ætlaður þeim sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Reykjavíkurborg, stofnunum borgarinnar eða stofnunum eða félögum skrásettum í Reykjavík sem borgin átti aðild að og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins. Í júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma.

#### A deild

A deild er almenn deild. Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar, sem unnið hafa hjá þessum aðilum hálf starf eða meira í fulla tólf mánuði og falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Iðgjald er 12%, þ.e. 4% frá sjóðfélaga og 8% frá launagreiðanda. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður og launagreiðandi greiðir 12%. Lífeyrir er ævilangur elliflífeyrir frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi greitt í a.m.k. 5 réttindaár, örorkulífeyrir, ævilangur makalífeyrir og barnalífeyrir. Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár.

Lífeyrissjóðindi eru miðuð við laun sem fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast (eftirmannsregla) eða breytast með meðalvísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar út.

#### B deild

Framangreind ákvæði gilda ekki um réttindi sjóðfélaga sem ekki ná fimm ára starfstíma. Um réttindi þeirra gilda ákvæði samkvæmt grundvallarreglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1997 og eru réttindi þeirra sjóðfélaga varðveitt í B-deild sjóðsins. Fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins ávinnst elliflífeyrisréttur sem er 1,4% af þeim launum sem greitt er af og eru þau réttindi verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Elliflífeyrisaldur er 67 ára og makalífeyrisréttur ekki ævilangur.

#### Ábyrgð borgarsjóðs

Borgarsjóður Reykjavíkur ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu borgarsjóður og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrissjóðs. Hlutfallið er ákveðið af borgarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Endurgreiðsluhlutfall var 69,0% árið 2015 eða óbreytt frá fyrra ári.

### 3. Daglegur rekstur

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur annast daglegan rekstur sjóðsins frá 1. júní 1999.

## Reikningsskilaaðferðir

### 4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð á markaðsverði. Fjárhæðir árrsreiknings eru í íslenskum krónum.

Nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða tóku gildi 11. mars 2015. Reglurnar eiga að koma til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2015. Í 52. gr. a) liðar er lífeyrissjóðum heimilað að setja ársreikninga vegna reikningsskilaaðsins 2015 fram í samræmi við reglur nr. 55/2000. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar nýtir sér þá heimild.

### 5. Mat og ákváðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur að meta ýmsa liði ársreikningsins. Matsaðferðirnar byggja á settum reikningsskilareglum. Endanleg niðurstaða ýmissa liða, sem metnir voru, getur orðið önnur en niðurstaða mats stjórnenda.

### 6. Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur. Sérstök aukaframlög er hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingargjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

### 7. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, jafnt vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

# Skýringar

---

8. **Vaxtatekjur og gengismunur**  
Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og innlánum. Einnig falla undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.
9. **Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður**  
Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjálða og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins.  
Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.
10. **Varanlegir rekstrarfjármunir**  
Lifeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar átti enga varanlega rekstrarfjármuni í árslok 2015 eða 2014.
11. **Verðbréf með breytilegum tekjum**  
Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Verðbréf með breytilegum tekjum skiptast í innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Erlend verðbréf sjóðsins sem skráð eru á verðbréfamörkuðum eru eignfaðr á markaðsverði miðað við síðasta skráða gengi þeirra í lok ársins. Verðbréfin eru umreknuð í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í lok árs. Innlend hlutabréf sjóðsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru eignfaðr á markaðsverði í lok árs en óskráð hlutabréf á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði ef það er lægra.
12. **Verðbréf með föstum tekjum**  
Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða tilteknu vaxtaviðmiði. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum miðað við vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdeggi. Afföllin eða gengisaukinn sem myndast við kaup verðbréfanna eru færð í ársreikninginn á afborgunartíma þeirra miðað við virka vexti. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í lok árs. Verðtryggðar eignir eru eignfærðar miðað við vísítölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2016. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna eru færðar í rekstrarreikningi.  
Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hefur verið tekið tillit til áhættu vegna afskrifta ásamt almennri niðurfærslu.
13. **Veðlán**  
Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.
14. **Afleiðusamningar**  
Sjóðurinn er ekki með neina framvirka-, skipta-, afleiðu- eða gjaldmiðlasamninga í árslok 2015.
15. **Erlendir gjaldmiðlar**  
Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við skráð gengi Seðlabanka Íslands í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig í árslok:

	Kaupgengi í árslok		
	Mynt	31.12.2015	31.12.2014
Bandaríkjadollar.....	USD	129,28	126,60
Evra.....	EUR	140,93	153,84
Dönsk króna.....	DKK	18,88	20,66

16. **Kröfur**  
Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færð til eignar án áfallinna vaxta.
17. **Viðskiptaskuldir**  
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

# Skýringar

---

## Sundurliðanir

### 18. Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög greinast þannig:

	2015	2014
Hlutdeild launagreiðenda í greiddum lífeyri.....	1.668.792.819	1.597.083.285
Hlutdeild launagreiðenda í greiddum lífeyri (samtímagreiðslur).....	102.316.636	106.466.459
Framlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði.....	21.011.274	23.444.319
	<u>1.792.120.729</u>	<u>1.726.994.063</u>

Skipting aukaframlaga á aðila:

	2015	2014
Reykjavíkurborg.....	1.646.453.093	1.576.144.943
Aðrir launagreiðendur.....	124.656.362	127.404.801
Framlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði.....	21.011.274	23.444.319
	<u>1.792.120.729</u>	<u>1.726.994.063</u>

### 19. Lifeyrir

Lifeyrir greinist þannig:

	2015	2014
Ellilifeyrir.....	2.799.763.133	2.477.370.103
Örorkulifeyrir.....	209.180.075	547.490.317
Makalifeyrir.....	590.768.659	180.571.466
Barnalifeyrir.....	1.871.529	1.988.932
	<u>3.601.583.396</u>	<u>3.207.420.818</u>

### 20. Tekjur af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

	2015	2014
Af innlendum hlutabréfum.....	894.769.465	193.700.802
Af erlendum hlutabréfum.....	4.973.363	(20.199.603)
	<u>899.742.828</u>	<u>173.501.199</u>

### 21. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	2015			2014	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	1.583.872.954	(114.079)	402.704.071	37.465.180	
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	3.275.992.470	0	2.820.799.469	0	
Af veðlánum.....	14.653.729	0	46.193.753	0	
Af bankainnistæðum.....	85.549.092	0	67.680.972	0	
Af kröfum.....	245.311	0	176.078	0	
	<u>4.960.313.556</u>	<u>(114.079)</u>	<u>3.337.554.343</u>	<u>37.465.180</u>	
Samtals.....	<u>4.960.199.477</u>		<u>3.375.019.523</u>		

# Skýringar

---

## 22. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014	
	Innlend	Erlend	Innlend
	Innlend	Erlend	Erlend
Skuldabréfasjóðir.....	391.550.272	181.332.633	757.664.344
Peningamarkaðssjóðir.....	300.374.475	0	271.930
Hlutabréf 1).....	2.902.010.217	78.825.593	2.279.232.006
Hlutabréfasjóðir.....	3.807.072.613	70.045.495	3.775.643.178
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	0	0	20.830.304
Framtakssjóðir.....	60.000	0	60.000
Niðurfærsla.....	0	0	(16.664.243)
	<u>7.401.067.577</u>	<u>330.203.721</u>	<u>6.817.037.519</u>
Samtals.....	<u><u>7.731.271.298</u></u>		<u><u>6.965.516.393</u></u>

1) Eignarhlutur í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, nema í eftirfarandi tilvikum:

	Hlutdeild	Markaðsverð	Bókfært verð	
			31.12.2015	31.12.2014
FOSS fasteignafélag slhf. .....	5,91%	Óskráð	88.137.900	88.137.900
			<u>88.137.900</u>	<u>88.137.900</u>

## 23. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014	
	Innlend	Erlend	Innlend
	Innlend	Erlend	Erlend
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	45.554.904.064	0	45.045.099.686
Skuldabréf sveitarfélaga.....	6.888.945.427	0	6.723.974.660
Skuldabréf lánastofnana.....	2.975.864.301	0	1.568.765.543
Skuldabréf fyrirtækja.....	6.945.420.249	0	6.723.283.521
Niðurfærsla.....	(637.502.762)	0	(714.004.471)
	<u>61.727.631.279</u>	<u>0</u>	<u>59.347.118.939</u>
Samtals.....	<u><u>61.727.631.279</u></u>		<u><u>59.347.118.939</u></u>
Áætlað markaðsverð.....	<u>63.150.511.993</u>	<u>0</u>	<u>60.602.206.365</u>
			<u>0</u>

## 24. Niðurfærsla verðbréfa

Bókfært verð óskráðra skuldabréfa hefur verið fært niður varúðarniðurfærslu sem byggir á mati stjórnenda sjóðsins á því hvað viðkomandi skuldari getur greitt og verðmæti þeirra trygginga sem að baki liggja. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndanur mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2015	2014
Staða í ársþyrjun.....	730.668.714	766.883.861
Endanlega afskrifað á árinu.....	(94.686.492)	(2.112.838)
Breyting á niðurfærslu á árinu.....	1.520.540	(34.102.309)
Staða í árslok.....	<u>637.502.762</u>	<u>730.668.714</u>

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

Skuldabréf fyrirtækja.....	637.502.762	714.004.471
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	0	16.664.243
	<u>637.502.762</u>	<u>730.668.714</u>

Aðrar eignir hafa ekki verið færðar niður með varúðarniðurfærslu.

## 25. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Veðlán til sjóðfélaga.....	536.405.015	697.577.217
Veðlán til annarra.....	261.629.720	99.898.714
	<u>798.034.735</u>	<u>797.475.931</u>

Öll veðlán eru til innlendraða aðila og í íslenskum krónum.

# Skýringar

---

**26. Aðrar fjárfestingar**

Lifeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar á engar fullnustueignir þann 31.12.2015.

**27. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum**

Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum.

	Mynt	31.12.2015	31.12.2014
Íslenskar krónur.....	ISK	70.845.365.783	66.648.790.700
Bandaríkjadollarar.....	USD	950.710.888	724.339.621
Evrur.....	EUR	138.659.446	70.050.121
Danskar krónur.....	DKK	78.825.593	74.744.060
		<u>72.013.561.710</u>	<u>67.517.924.502</u>

**28. Kröfur**

	31.12.2015	31.12.2014
Kröfur á launagreiðendur vegna ógreiddra iðgjalda.....	<u>10.118.570</u>	<u>16.558.284</u>
	<u>10.118.570</u>	<u>16.558.284</u>

**Aðrar kröfur**

	31.12.2015	31.12.2014
Fyrirfram greiddur lífeyrir.....	151.763.233	140.440.884
Lifeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga.....	70.772.496	33.876.440
Reykjavíkurborg.....	55.584.770	45.778.853
Aðrir viðskiptamenn.....	409.596	1.694.345
Aðrar kröfur.....	<u>0</u>	<u>23.225.833</u>
	<u>278.530.095</u>	<u>245.016.355</u>

**29. Önnur fjárfestingargjöld**

Þóknanir og kostnaður vegna fjárfestinga greinast þannig:

	2015	2014
Fjársýsluþóknun.....	46.757.540	42.439.971
Vörsluþóknun.....	10.576.079	9.318.687
	<u>57.333.619</u>	<u>51.758.658</u>

Kostnaður sem er innifalinn í gengismuni eða vaxtatekjum greinist þannig:

	2015	2014
Innlendir verðbréfasjóðir.....	36.247.923	31.159.512
Erlendir verðbréfasjóðir.....	1.105.309	509.636
	<u>37.353.232</u>	<u>31.669.148</u>
<i>Þóknanir og kostnaður samtals</i>	<u>94.686.851</u>	<u>83.427.806</u>

Þóknanir sem hlutfall af eign í verðbréfasjóðum.....	<u>0,8%</u>	<u>0,8%</u>
--	-------------	-------------

**30. Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar**

Laun til stjórnar greinast þannig:

	2015	2014
Skúli Þór Helgason, formaður stjórnar.....	525.000	0
Björk Vilhelmsdóttir, fyrverandi formaður stjórnar.....	1.350.000	1.320.000
Ása Clausen.....	900.000	660.000
Þorgrímur Hallgrímsson.....	900.000	660.000
Heiðar Ingí Svansson.....	900.000	357.500
Hildur Sverrisdóttir.....	900.000	357.500
Jón Fjörnir Thoroddsen.....	0	302.500
Júlíus Vífill Ingvarsson.....	0	302.500
Kolbrún Hauksdóttir.....	0	10.200
	<u>5.475.000</u>	<u>3.970.200</u>

Framkvæmdastjóri sjóðsins er á launaskrá hjá Lifeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga sem annast rekstur sjóðsins.

Laun til endurskoðunarnefndar greinast þannig:

	2015	2014
Birgir Björn Sigurbjörnsson, formaður endurskoðunarnefndar.....	450.000	150.000
Björk Vilhelmsdóttir.....	175.000	60.000
Ása Clausen.....	250.000	100.000
	<u>875.000</u>	<u>310.000</u>

# Skýringar

## 31. Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings

Aðkeypt þjónusta greinist þannig:

### Ytri endurskoðun:

	2015	2014
Endurskoðun ársreiknings.....	3.860.856	5.453.423
Önnur þjónusta .....	2.211.707	0
	<b>6.072.563</b>	<b>5.453.423</b>

### Innri endurskoðun

	2015	2014
Innri endurskoðun .....	2.084.370	1.123.989
	<b>2.084.370</b>	<b>1.123.989</b>

### Tryggingastærðfræðingur

	2015	2014
Tryggingafræðileg athugun .....	1.426.000	1.631.500
Önnur þjónusta .....	830.800	0
	<b>2.256.800</b>	<b>1.631.500</b>

## 32. Óinnkallaðar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þátttöku í innlendum og erlendum framtakssjóðum. Það er óvist hvenær þessi loforð verða innkölluð og einnig hvort þau verða innkölluð að fullu. Óinnkallaðar skuldbindingar greinast þannig:

Innlendir sjóðir:	Mynt	31.12.2015		31.12.2014	
		Í mynt	Í ISK	Í mynt	Í ISK
Alda Credit Fund slhf. ....	ISK	0	396.000.000	0	0
Fjárfest.félag atv.lífsins hf. ....	ISK	0	490.000.000	0	500.000.000
Veðskuldabréfajóður ÍV .....	ISK	0	171.002.273	0	675.000.000
			<b>1.057.002.273</b>		<b>1.175.000.000</b>

### Tryggingafræðileg athugun

## 33. Tryggingafræðileg athugun

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 22. grein samþykktta sjóðsins skulu því borgarsjóður og aðrir launagreiðendur greiða tiltekinn hundraðhluta lífeyris skv. ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsógn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Það hlutfall var 69% á árinu 2015 og stendur lífeyrissjóðurinn þannig undir 31% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildareignir sjóðsins verulega hærri en heildarskuldbindingar.

Í útreikningnum er tekið tillit til framtíðar greiðslufæðis framangreindra endurgreiðslna en fyrir neðan er gerð grein fyrir niðurstöðum án þeirra.

<b>A - deild:</b>		Áfallin	Framtíðar	Samtals	Samtals
		skuldbinding	skuldbinding	31.12.2015	31.12.2014
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....		68.122.871.549	0	68.122.871.549	64.171.292.968
Endurmat verðbréfa.....		(1.451.385.615)	0	(1.451.385.615)	58.160.231
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingakostnaðar.....		(1.368.290.299)	0	(1.368.290.299)	(1.122.954.353)
Hluti launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum.....		0	47.372.352.727	47.372.352.727	43.977.972.031
Núvirði framtíðariðgjalda.....		0	2.160.764.000	2.160.764.000	2.374.784.000
	<i>Eignir samtals</i>	<b>65.303.195.635</b>	<b>49.533.116.727</b>	<b>114.836.312.362</b>	<b>109.459.254.877</b>
Ellilfeyrir.....		67.147.921.399	4.002.361.000	71.150.282.399	65.876.436.740
Örorkulífeyrir.....		1.558.580.606	124.687.000	1.683.267.606	1.692.419.064
Makalífeyrir.....		14.725.694.029	636.994.000	15.362.688.029	14.617.760.501
Barnalífeyrir.....		11.200.000	4.946.000	16.146.000	19.120.000
Rekstrarkostnaður.....		1.927.220.659	159.900.000	2.087.120.659	1.710.849.230
	<i>Skuldbindingar samtals</i>	<b>85.370.616.693</b>	<b>4.928.888.000</b>	<b>90.299.504.693</b>	<b>83.916.585.535</b>
(Skuldir) eignir umfram skuldbindingar.....		<b>(20.067.421.058)</b>	<b>44.604.228.727</b>	<b>24.536.807.669</b>	<b>25.542.669.342</b>
Í hlutfalli af skuldbindingum.....		<b>(23,5%)</b>	<b>905,0%</b>	<b>27,2%</b>	<b>30,4%</b>

## Skýringar

---

<b>B - deild:</b>	<b>Áfallin skuldbinding</b>	<b>Framtíðar skuldbinding</b>	<b>Samtals 31.12.2015</b>	<b>Samtals 31.12.2014</b>
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	4.107.213.953	0	4.107.213.953	3.905.678.648
Endurmat verðbréfa.....	(87.414.385)	0	(87.414.385)	3.539.769
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingakostnaðar.....	(82.409.701)	0	(82.409.701)	(68.345.647)
<i>Eignir samtals</i>	<i>3.937.389.867</i>	<i>0</i>	<i>3.937.389.867</i>	<i>3.840.872.770</i>
 Ellilífeyrir.....	3.399.196.979	0	3.399.196.979	3.292.823.000
Örorkulífeyrir.....	346.780.584	0	346.780.584	358.594.000
Makalífeyrir.....	102.532.963	0	102.532.963	113.305.000
Rekstrarkostnaður.....	88.879.341	0	88.879.341	76.150.770
<i>Skuldbindingar samtals</i>	<i>3.937.389.867</i>	<i>0</i>	<i>3.937.389.867</i>	<i>3.840.872.770</i>
 (Skuldir) eignir umfram skuldbindingar.....	0	0	0	0
 Í hlutfalli af skuldbindingum.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
<b>LsRb alls</b>	<b>Áfallin skuldbinding</b>	<b>Framtíðar skuldbinding</b>	<b>Samtals 31.12.2015</b>	<b>Samtals 31.12.2014</b>
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	72.230.085.502		72.230.085.502	68.076.971.616
Endurmat verðbréfa.....	(1.538.800.000)	0	(1.538.800.000)	61.700.000
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingakostnaðar.....	(1.450.700.000)	0	(1.450.700.000)	(1.191.300.000)
Hluti launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum.....	0	47.372.352.727	47.372.352.727	43.977.972.031
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	2.160.764.000	2.160.764.000	2.374.784.000
<i>Eignir samtals</i>	<i>69.240.585.502</i>	<i>49.533.116.727</i>	<i>118.773.702.229</i>	<i>113.300.127.647</i>
 Ellilífeyrir.....	70.547.118.378	4.002.361.000	74.549.479.378	69.169.259.740
Örorkulífeyrir.....	1.905.361.190	124.687.000	2.030.048.190	2.051.013.064
Makalífeyrir.....	14.828.226.992	636.994.000	15.465.220.992	14.731.065.501
Barnalífeyrir.....	11.200.000	4.946.000	16.146.000	19.120.000
Rekstrarkostnaður.....	2.016.100.000	159.900.000	2.176.000.000	1.787.000.000
<i>Skuldbindingar samtals</i>	<i>89.308.006.560</i>	<i>4.928.888.000</i>	<i>94.236.894.560</i>	<i>87.757.458.305</i>
 (Skuldir) eignir umfram skuldbindingar.....	(20.067.421.058)	44.604.228.727	24.536.807.669	25.542.669.342
 Í hlutfalli af skuldbindingum.....	(22,5%)	905,0%	26,0%	29,1%
Ef ekki er tekið til framlags launagreiðanda vegna lífeyrisgreiðslna verður staðan eftirfarandi:				
 Skuldbindingar umfram eignir.....	(20.067.421.058)	(2.768.124.000)	(22.835.545.058)	(18.435.302.689)
 Í hlutfalli af skuldbindingum.....	(22,5%)	(56,2%)	(24,2%)	(21,0%)

# Kennitölur

---

	2015	2014	2013	2012	2011
--	------	------	------	------	------

**Ávöxtun**

Nafnávöxtun .....	8,4%	5,2%	8,0%	8,0%	8,6%
Hrein rauanávöxtun .....	6,3%	4,1%	4,2%	3,4%	3,2%
Hrein rauanávöxtun (5 ára meðaltal) .....	4,2%	3,8%	3,4%	3,0%	4,0%

**Hlutfallsleg skipting fjárfestinga**

Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð .....	10,4%	7,7%	6,8%	3,5%	1,8%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð .....	0,4%	1,5%	2,5%	1,9%	1,9%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð .....	41,3%	38,5%	34,9%	35,7%	35,2%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð .....	44,4%	50,6%	53,2%	57,2%	59,1%
Veðlán .....	1,1%	1,0%	1,2%	0,0%	0,0%
Bankainnistæður .....	2,4%	0,6%	1,4%	1,8%	2,0%
	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

**Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum**

Eignir í íslenskum krónum .....	98,4%	99,9%	89,2%	81,7%	77,1%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	1,6%	0,1%	10,8%	18,3%	22,9%
	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

**Fjöldi**

Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra) .....	498	562	613	668	740
Fjöldi lifeyrisþega (meðaltal) .....	3.299	3.109	3.027	2.906	2.783

**Hlutfallsleg skipting lifeyris**

Ellilifeyrir .....	77,7%	77,2%	75,0%	73,9%	73,8%
Makalifeyrir .....	16,4%	17,1%	18,4%	19,0%	19,0%
Örorkulifeyrir .....	5,8%	5,6%	6,5%	7,0%	7,1%
Barnalifeyrir .....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

**Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt**

Með framtíðar endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lifeyri:

Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	26,0%	29,1%	27,7%	27,6%	30,6%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	(22,5%)	(18,7%)	(19,8%)	(18,7%)	(15,5%)

Án framtíðar endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lifeyri:

Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	(24,2%)	(21,0%)	(23,5%)	(22,9%)	(20,3%)
---	---------	---------	---------	---------	---------

**Rekstur**

Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign .....	0,13%	0,10%	0,11%	0,10%	0,10%
Lifeyrisbyrði (lifeyrir í hlutfalli af iðgjöldum) .....	171,0%	156,8%	150,9%	146,2%	146,8%